

Orkufjarskipti hf.
Guðbjörn Þór Óskarsson,
verkefnastjóri
Krókhálsi 5c
110 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 22. júlí 2014
Tilvísun: UST20140700161/bs

Ljósleiðaralögn - Breiðadalur - Ísafjörður. Umsögn

Vísað er til bréfs Orkufjarskipta hf. dags. 21. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda ljósleiðaralögn.

Í framkvæmdinni felst að lagður verður ljósleiðari frá tengivirki Landsnets að Skeiði 7 Ísafirði að tengivirki Landsnets við gatnamótin út að Flateyri. Lögnin mun liggja með vegi nr. 60 og verður hún 4 km að lengd. Lögnin verður að mestu leyti plægð niður í 20 mm blástursrör. Lögð verður áhersla á að eyða öllum ummerkjum um rask og græða upp þau jarðvegssár sem verða í grónu landi.


Lagnaleiðin mun að hluta liggja um land sem þegar hefur verið raskað við mannvirkjagerð. Ef frágangur og umgengni verður með þeim hætti sem lýst er í erindi Orkufjarskipta mun framkvæmdin hafa óveruleg umhverfisáhrif að mati Umhverfisstofnunar.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaða ljósleiðaralögn.

Virðingarfyllt



Björn Stefánsson
sérfræðingur



Agnar Bragi Bragason
Sérfræðingur